

3. gr.

Þegar almennt útboð fer fram á breytanlegum skuldabréfum eða skiptanlegum skuldabréfum eða skuldabréfum með kauprétti að hlut eða á kaupréttinum sjálfum, skal einnig veita upplýsingar um eðli þeirra hluta eða skuldabréfa sem rétturinn beinist að og hvenær og hvernig breyting, skipti eða áskrift megi fara fram. Þegar útgefandi hlutanna eða skuldabréfanna er ekki sá sami og gaf út hin upphaflegu skuldabréf eða veitti kaupréttinn, verða þær upplýsingar um útgefandann, sem tilgreindar eru í liðum 3.-7. í 1. gr. viðauka þessa, að koma fram.

3. gr.

Þegar tímabilið frá því útgefandi hóf starfsemi sína er styttra en um er getið í 1. gr. viðauka þessa þarf aðeins að veita upplýsingar sem lúta að þeim tíma frá því starfsemi hófst.

4. gr.

Ef í ljós kemur að upplýsingar, sem tilgreindar eru í 1. gr. viðauka þessa, eiga ekki við um starfssvið útgefanda eða rekstrarform hans vegna þeirra verðbréfa sem í boði eru, skal veita jafngildar upplýsingar í útboðslýsingu útgefandans.

5. gr.

Ef hlutir eru boðnir hluthöfum útgefanda á grundvelli forgangsréttar þeirra við skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingu, heimilað að sumum upplýsingum sem tilgreindar eru í liðum 4.-6. í 1. gr., sé sleppt, svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka. Sama gildir þegar kauphöll annast athugun á skráningarlýsingu sem tekin er sem gild útboðslýsing, sbr. 25. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. september 2003:

Gjaldskrá Akraness og Borgarfjarðar, nr. 753, 17. október 2002, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 5,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. ágúst 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.